

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1802  
komudagur 28.3.2011

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun íslenskrar handverksdeildar í Listaháskóla Íslands, 285. mál.

Listaháskólinn hefur viðurkenningu menntayfirvalda á fræðasviðinu *listir*. Eins og aðrir háskólar er Listaháskólinn sjálfstæð menntastofnun sem ákveður um skipan náms á því fræðasviði sem viðurkenning hans nær til, sbr. lög um háskóla nr. 63 / 2006:

- "Viðurkenning háskóla er bundin við tiltekin fræðasvið." (3. gr.)
- "Háskólar ákveða hvaða nám þeir bjóða innan síns fræðasviðs." (7. gr.)
- "Háskólar hafa sjálfðæmi um starfsemi sína að öðru leyti en því sem kveðið er á um lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra." (2. gr.)

Á grundvelli þessa lítur Listaháskólinn svo á að það sé ekki á verksviði Alþingis eða stjórnvalda að gefa háskólum bindandi fyrirmæli um viðfangsefni eða samsetningu náms, námstílhögun, efnistöð eða um annað það sem lýtur að samsetningu menntunarinnar.


Ef það hins vegar verður vilji löggjafans að breyta um stefnu varðandi sjálfstæði háskóla hlýtur það að kalla á endurskoðun þeirrar meginreglu sem liggur til grundvallar nágildandi lögum um háskóla.

----

Listaháskólinn býður upp á nám í fimm deildum: myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, leiklistar- og dansdeild, og listkennsludeild. Verklegr kennsla er samþætt fræðilegri kennslu. Engar fyrirætlanir eru um að skilja þar á milli.

Skólinn hefur gert tillögur um nám á ýmsum nýjum brautum, bæði á bakkalárstigi og meistarastigi, sem kynntar hafa verið fyrir stjórnvöldum menntamála. Óskar skólinn eftir stuðningi stjórnvalda og almennings við að koma þeim í framkvæmd.

Reykjavík, 25. mars 2011

  
Hjalmar H. Ragnarsson  
rektor